

2023 nr. 96 22. desember**Lög um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir**

Tóku gildi 29. desember 2023. *EES-samningurinn*: XX. viðauki tilskipun 2003/87/EB, 2004/101/EB, 2008/101/EB, 2009/29/EB, reglugerð 1193/2011, tilskipun 2009/31/EB, 2009/33/EB, XIII. og XX. viðauki reglugerð 2015/757, XX viðauki tilskipun 2018/410, framseld ákvörðun 2020/1071, framseld reglugerð 2021/1416, reglugerð 2023/957, tilskipun 2023/958, tilskipun 2023/959.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra** eða **umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Almenn ákvæði.**■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi gilda um starfsemi sem getið er í I. viðauka sem fellur undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og um gróðurhúsalofttegundir skv. 2. gr.

□ Breyti starfsstöð, sem fellur undir gildissvið skv. 1. mgr., framleiðsluferlum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem verður til þess að starfsstöðin uppfyllir ekki lengur viðmiðunarmörk um 20 MW eða meira uppsett nafnvarmaafli skal henni vera heimilt í kjölfar breytingar á framleiðsluferli að falla áfram undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir þar til yfirstandandi og næsta fimm ára tímabili lýkur.

■ 2. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Flugrekandi*: Aðili sem rekur loftfar og notar það til að stunda flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka eða, ef aðillinn er óþekktur eða ekki tilgreindur af eiganda loftfars, eigandi loftfarsins.

2. Gróðurhúsalofttegundir:

a. Koldíoxíð, CO₂.

b. Metan, CH₄.

c. Díköfnunarefnisoxíð, N₂O.

d. Vetrnisflúorkolefni, HFC.

e. Perflúorkolefni, PFC.

f. Brennisteinshexaflúoríð, SF₆.

g. Aðrir loftkenndir efnisþættir andrúmsloftsins, náttúrulegir og af mannavöldum, sem gleypa innrauða geislun og senda hana frá sér aftur.

3. *Kolefnisleki*: Það að starfsemi sem losar gróðurhúsalofttegundir flyst frá ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu vegna þeirra áhrifa sem beinn og óbeinn kostnaður viðkomandi rekstraraðila vegna þátttöku í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir hefur á markaðsaðstæður hans.

4. *Losun*: Losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloft frá upptökum í starfsstöð, loftfari í flugstarfsemi eða skipum í sjóflutningum sem tilgreind er í tengslum við viðkomandi starfsemi í I. viðauka.

5. *Losunarheimild*: Heimild til losunar gróðurhúsalofttegunda. Ein losunarheimild jafngildir heimild til losunar á einu tonni af koldíoxíðsígildi. Eitt tonn af koldíoxíðsígildi samsvarar einu tonni af koldíoxíði eða því magni gróðurhúsalofttegunda sem hefur sambærilegan hnatthlýnunarmátt.

6. *Rekstraraðili*: Aðili sem hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og stjórnar starfsstöð eða ber fjárhagslega ábyrgð á tæknilegri virkni starfsstöðvar sem fellur undir gildissvið þessara laga, sbr. I. viðauka.

7. *Skipafélag*: Skipseigandi eða önnur stofnun eða einstaklingur, svo sem framkvæmdastjóri eða skipamiðlari þurr-

leiguskipa sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skips fyrir hönd skipseiganda og gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem felst í alþjóðakóða um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, þ.e. ISM-kóða í I. viðauka við reglugerð um öryggisstjórnun skipa.

8. *Starfsstöð*: Staðbundin tæknileg eining þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem getið er í I. viðauka og öll önnur starfsemi sem gæti haft áhrif á losun og mengun og tengist með beinum og tæknilegum hætti þeirri starfsemi sem fer fram á staðnum.

9. *Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir*: Kerfi sem starfrækt er á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, með síðari breytingum, eins og hún hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

■ 3. gr. Stjórnvald.

□ Umhverfisstofnun er lögbært stjórnvald samkvæmt lögum þessum og fer með framkvæmd laganna hvað varðar viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Umhverfisstofnun er jafnframt landsstjórnandi skráningarkerfis íslenska ríkisins, sbr. V. kafla. Stofnunin skal hafa samráð og samvinnu við önnur stjórnvöld eins og nánar er tilgreint í ákvæðum laga þessara.

II. kafli. Flug og sjóflutningar.**■ 4. gr. Gildissvið.**

□ Kafli þessi gildir um flugrekendur og skipafélög sem stunda starfsemi sem getið er í I. viðauka.

□ Ráðherra skal setja reglugerð um aðliggjandi gámaumfermingarhafnir. Reglugerðin skal vera í samræmi við skrá sem framkvæmdastjórn ESB birtir annað hvert ár yfir aðliggjandi gámaumfermingarhafnir.

■ 5. gr. Flugrekendur og skipafélög sem heyra undir umsjón íslenskra stjórnvalda.

□ Ráðherra skal setja reglugerð¹⁾ um hvaða flugrekendur heyra undir umsjón íslenskra stjórnvalda. Reglugerðin skal vera í samræmi við skrá sem gefin er út á tveggja ára fresti af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um niðurröðun flugrekenda eftir umsjónarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Í reglugerðinni skal kveðið á um hvernig skuli bregðast við ef ekki er ljóst hvaða ríki telst umsjónarríki flugrekanda. Tilgreining flugrekanda eða skortur á tilgreiningu hans í skránni hefur ekki áhrif á það hvort flugrekandi heyrir undir gildissvið laga þessara.

□ Ráðherra skal setja reglugerð um hvaða skipafyrirtæki heyra undir umsjón íslenskra stjórnvalda. Reglugerðin skal vera í samræmi við skrá sem gefin er út á tveggja ára fresti af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins yfir skipafélög sem stunda sjóflutninga samkvæmt I. viðauka, þar sem stjórnvald að því er varðar skipafélag er tilgreint. Í reglugerðinni skal kveðið á um ítarlegar reglur um umsjón stjórnvalda með skipafélögum.

¹⁾ *Rg. 606/2021, sbr. 388/2024.*

■ 6. gr. Ábyrgð á greiðslu kostnaðar vegna sjóflutninga.

□ Í tilvikum þegar annar aðili en skipafélag ber samkvæmt samningi ábyrgð á eldsneytiskaupum og/eða rekstri skips á skipafélag rétt á að krefja þann aðila um endurgreiðslu kostnaðar sem er tilkominn vegna uppgjors á losunarheimildum skv. 12. gr.

■ 7. gr. Starfsemi flugrekanda lögð niður.

□ Flugrekanda sem hyggst leggja niður starfsemi, tímabundið eða varanlega, ber tafarlaust að tilkynna Umhverfisstofnun það skriflega.

III. kafli. Staðbundin starfsemi.**■ 8. gr. Gildissvið.**

□ Kafli þessi gildir um rekstraraðila sem stunda starfsemi sem getið er í I. viðauka.

■ 9. gr. Losunarleyfi.

□ Rekstraraðilar skulu hafa losunarleyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda til þess að geta stundað starfsemi sem getið er í I. viðauka.

□ Sækja ber um losunarleyfi til Umhverfisstofnunar sem skal gefa út leyfið innan þriggja mánaða frá því að umsókn berst stofnuninni enda hafi allar tilskildar upplýsingar borist henni og sýnt þyki að rekstraraðili sé fær um að vakta og gefa skýrslu um losun frá starfseminni.

□ Rekstraraðila ber skylda til að tilkynna Umhverfisstofnun tafarlaust skriflega um allar fyrirhugaðar breytingar á rekstri starfsstöðvar sem geta haft áhrif á efni losunarleyfis.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að afturkalla losunarleyfi rekstraraðila ef forsendur leyfis eru brostnar.

□ Umhverfisstofnun skal tryggja samræmda málsmeðferð við útgáfu losunarleyfa og starfsleyfa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

□ Ráðherra skal í reglugerð¹⁾ setja nánari ákvæði um útgáfu losunarleyfis. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um skilyrði fyrir útgáfu leyfis, efni þess, gildistíma og endurskoðun.

¹⁾ Rg. 606/2021, sbr. 388/2024.

■ 10. gr. Úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda.

□ Umhverfisstofnun tekur ákvörðun um úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda til rekstraraðila á grundvelli árangursviðmiða sem ákvörðuð eru fyrir Evrópska efnahagsvæðið í heild fyrir starfsemi skv. I. viðauka.

□ Umhverfisstofnun skal úthluta losunarheimildum á reikning rekstraraðila í skráningarkerfinu fyrir 30. júní á því ári sem úthlutun tekur til.

□ Umhverfisstofnun skal draga úr úthlutun losunarheimilda um 20% til rekstraraðila sem er skylt að undirgangast orkuúttekt samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 11. gr., ef viðkomandi rekstraraðili hefur ekki farið eftir tilmælum samkvæmt orkuúttekt eða gert sambærilegar ráðstafanir.

□ Engum losunarheimildum skal úthlutað til starfsstöðvar sem hefur hætt starfsemi eða sem fellur undir aðrar ráðstafanir til að bregðast við hættu á kolefnisleka. Ákvörðun um úthlutun er kæránleg til ráðherra innan tveggja vikna frá því að hún er tekin.

□ Ef rekstraraðili hefur fengið úthlutað fleiri losunarheimildum en hann á rétt á samkvæmt lögum þessum skal Umhverfisstofnun færa þann fjölda sem umfram er af reikningi rekstraraðila í skráningarkerfinu, sbr. V. kafli. Umhverfisstofnun skal tilkynna rekstraraðila um fyrirhugaða færslu losunarheimilda af reikningi hans með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og gefa honum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en endanleg ákvörðun er tekin.

□ Aðlaga skal úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda að breytingum á starfsemissstigi. Útreikningar slíkrar aðlögunar skulu grundvallast á árlegri skýrslu um breytingar á starfsemissstigi sem rekstraraðila ber að skila.

□ Ráðherra skal í reglugerð¹⁾ setja nánari ákvæði um úthlutun losunarheimilda, þar á meðal hvenær skal skerða úthlutun losunarheimilda ef rekstraraðili hefur ekki farið eftir tilmælum í orkuúttekt, hvaða starfsemi telst hætt við kolefnisleka, breytingar á starfsemissstigi og efni skýrslu þar um sem og skilyrði þess að starfsemi teljist hætt.

¹⁾ Rg. 606/2021, sbr. 388/2024.

IV. kafli. Sameiginleg ákvæði.**■ 11. gr. Vöktun, skýrslugjöf og vottun.**

□ Flugrekendum, skipafélögum og rekstraraðilum ber að vakta losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi sinni í samræmi við vöktunaráætlun sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt. Þeir skulu fyrir 31. mars ár hvert skila skýrslu til Umhverfisstofnunar um losun gróðurhúsalofttegunda á undangengnu almanaksári. Skýrslan skal vottuð af faggiltum vottunaraðila. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um hvers kyns breytingar á vöktunaráætlun og eru verulegar breytingar háðar samþykki stofnunarinnar.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að áætla losun flugrekenda, skipafélaga og rekstraraðila á undangengnu almanaksári ef skýrsla skv. 1. mgr. hefur ekki borist fyrir tilgreindan frest eða skýrslan er ófullnægjandi. Stofnuninni er heimilt að krefja flugrekendur, skipafélög og rekstraraðila um allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort skyldur laga þessara og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim hafi verið efndar á fullnægjandi hátt. Ákvörðun stofnunarinnar um áætlun er kæránleg til ráðherra innan tveggja vikna frá því að hún er tekin.

□ Flugrekandi og rekstraraðili geta ekki framselt losunarheimildir eftir 31. mars ár hvert nema skýrsla skv. 1. mgr. hafi verið vottuð og talin fullnægjandi af faggiltum vottunaraðila.

□ Ráðherra skal setja reglugerð¹⁾ um vöktun, vöktunaráætlun, breytingar á vöktunaráætlun, framkvæmd orkuúttektar, skýrslugjöf og gögn um starfsemi flugrekenda, skipafélaga og rekstraraðila skv. I. viðauka, einnig um önnur áhrif frá flugstarfsemi en frá koldfoxíði auk skila á skýrslu um úrbætur. Í reglugerðinni skal jafnframt kveðið á um beitingu viðmiðana um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir notkun á lífmassa og tilgreint hvernig skuli reikna losun frá endurnýjanlegu eldsneyti af ólífrænum uppruna og endurunnu kolefniseldsneyti sem og tilgreint um skyldu skipafélaga til að ákvarða samantekin losunargögn á skýrslutímabili fyrir hvert skip á þeirra ábyrgð, vottun og faggildingum, m.a. um gagnkvæma viðurkenningu faggildingar.

¹⁾ Rg. 606/2021, sbr. 388/2024.

■ 12. gr. Skylda til að standa skil á losunarheimildum.

□ Flugrekandi sem stundar flugstarfsemi sem getið er í I. viðauka skal fyrir 30. september ár hvert standa skil á þeim fjölda losunarheimilda sem jafngilda heildarlosun hans á undangengnu almanaksári samkvæmt vottaðri skýrslu, sbr. 1. mgr. 11. gr., eða áætlun Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 11. gr.

□ Skipafélag sem stundar sjóflutningastarfsemi sem getið er í I. viðauka skal fyrir 30. september ár hvert standa skil á fjölda losunarheimilda sem jafngilda losun þess á undangengnu almanaksári samkvæmt nánari reglum í reglugerð sem ráðherra setur skv. 4. mgr. 11. gr.

□ Rekstraraðili sem stundar starfsemi sem getið er í I. viðauka skal fyrir 30. september ár hvert standa skil á fjölda losunarheimilda sem jafngilda heildarlosun hans á undangengnu almanaksári samkvæmt vottaðri skýrslu skv. 1. mgr. 11. gr. eða áætlun Umhverfisstofnunar skv. 2. mgr. 11. gr.

□ Ef skýrsla skv. 1. mgr. 11. gr. sem berst eftir að Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um áætlun skv. 2. mgr. 11. gr. leiðir í ljós að losun frá starfsemi var meiri en áætlun Umhverfisstofnunar gerði ráð fyrir skal viðkomandi flugrekandi, skipafélag eða rekstraraðili standa skil á þeim fjölda losunarheimilda sem ber í milli.

□ Umhverfisstofnun skal tryggja að þær losunarheimildir sem staðin hafa verið skil á verði í framhaldi ógiltar.

□ Ráðherra skal setja reglugerð um viðurkenningu losunarheimilda sem gefnar eru út af öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið til uppgjörs losunarheimilda og um heimild skipta með ísflokk til að standa skil á færri losunarheimildum.

V. kafli. Skráningarkerfi.

■ 13. gr. Skráningarkerfi og landsstjórnandi.

□ Umhverfisstofnun er landsstjórnandi Íslands í skráningarkerfi sem er starfrækt samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

□ Umhverfisstofnun hefur umsjón með reikningum skráningarkerfisins sem eru í eigu ríkisins og einkaaðila sem lúta lögsögu íslenska ríkisins. Í umsjón með reikningum felst m.a. að stofna og loka reikningum, stýra aðgangi að þeim og veita notendum skráningarkerfisins upplýsingar og aðstoð.

□ Vottunaraðilar skv. 3. másl. 1. mgr. 11. gr. skulu skráðir í skráningarkerfið.

■ 14. gr. Reikningar.

□ Flugrekendum, skipafélögum og rekstraraðilum er skylt að eiga reikning í skráningarkerfinu. Heimild annarra aðila til að eiga reikning í skráningarkerfinu fer eftir ákvæðum reglugerðar sem sett er á grundvelli 18. gr.

□ Umhverfisstofnun getur hafnað umsókn aðila um stofnun reiknings ef:

1. hann veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar,

2. hann eða forsvarsmáður hans er grunaður um eða hefur á síðustu fimm árum verið dæmdur fyrir misferli með losunarheimildir, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða aðra alvarlega glæpi sem reikningurinn gæti hafa verið notaður í,

3. Umhverfisstofnun hefur ástæðu til að ætla að reikninginn sé hægt að nýta við misferli með losunarheimildir, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða aðra alvarlega glæpi.

■ 15. gr. Tímabundin lokun aðgangs að reikningi.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að loka aðgangi að reikningi í skráningarkerfinu tímabundið ef stofnunin hefur ástæðu til að ætla að:

a. reynt hafi verið að öðlast aðgang án heimildar,

b. öryggi, aðgengi eða trúverðuleika kerfisins hafi verið stefnt í hættu.

□ Umhverfisstofnun getur lokað aðgangi að reikningi í skráningarkerfinu í allt að fjórar vikur sé rökstuddur grunur um að reikningur hafi verið eða verði notaður í tengslum við svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða aðra alvarlega glæpi. Að beiðni skrifstofu fjármálagreininga lögreglu er hægt að framlengja tímabil lokunar.

□ Umhverfisstofnun og Eftirlitsstofnun EFTA geta krafist þess að aðgangi að reikningi sé lokað tímabundið á grundvelli 1. og 2. mgr.

□ Um heimildir Umhverfisstofnunar til að loka reikningi í skráningarkerfinu fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem sett er á grundvelli 18. gr.

□ Kærufrestur vegna ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. er 30 virkir dagar. Ráðherra skal kveða upp úrskurð eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan fjögurra vikna frá því að gagnaöflun er lokið.

□ Umhverfisstofnun skal aflétta tímabundinni lokun aðgangs um leið og leyst hefur verið úr þeim annmörkum sem urðu tilefni lokunarinnar.

■ 16. gr. Tímabundin lokun aðgangs að losunarheimildum.

□ Umhverfisstofnun getur að eigin frumkvæði eða að beiðni íslenskra lögregluvalda lokað tímabundið fyrir aðgang að losunarheimildum á þeim reikningum skráningarkerfisins sem stofnunin hefur umsjón með:

a. í að hámarki fjórar vikur ef stofnunin hefur grun um að losunarheimildir hafi verið notaðar í tengslum við svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða aðra alvarlega glæpi; framlengja má tímabil lokunar að beiðni skrifstofu fjármálagreininga lögreglu,

b. í samræmi við ákvæði laga sem varða svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða aðra alvarlega glæpi.

□ Umhverfisstofnun skal án tafar gera lögregluvaldum viðvart um lokun aðgangs að losunarheimildum og hafa samstarf við stjórnvöld sem fara með mál skv. 1. mgr. til að fyrirbyggja og koma í veg fyrir starfsemi sem hugsanlega tengist peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

■ 17. gr. Vinnsla persónuupplýsinga.

□ Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili í skilningi laga um persónuvernd við vinnslu persónuupplýsinga í skráningarkerfinu.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að krefja aðila sem eiga reikning í skráningarkerfinu um allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi þess.

■ 18. gr. Reglugerð um skráningarkerfi.

□ Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um skráningarkerfið. Reglugerðin skal tryggja virkni og öryggi skráningarkerfisins og rétta skráningu losunarheimilda sem og árlegrar losunarúthlutunar. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um tilnefningu viðurkenndra fulltrúa, skilyrði til stofnunar reikninga samkvæmt viðskiptakerfi ESB og reglufylgni-reikninga samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/842, hvernig rekja megi útgáfu, handhöfn og millifærslu losunarheimilda og árlegrar losunarúthlutunar, ógildingu losunarheimilda, hvernig tryggt skuli að trúnaðarkvöld verði virt, gagnkvæma viðurkenningu losunarheimilda, notkun sveigjanleikaákvæða í sambandi við árlega losunarúthlutun, öryggisvarasjóð og aðlaganir auk umfjöllunar um samvinnu og samtengingu við önnur kerfi og samvinnu stjórnvalda í tengslum við öryggismál og afbrot í tengslum við skráningarkerfið.

VI. kafli. Önnur ákvæði.

■ 19. gr. Uppboð losunarheimilda.

□ Íslenska ríkið skal bjóða upp losunarheimildir á hverju ári í samræmi við heimildir sínar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Heimildirnar skulu boðnar upp á sameiginlegum uppboðsvettvangi Evrópusambandsins samkvæmt samningi íslenska ríkisins við uppboðsvettvanginn og skulu tekjur ríkisins af uppboðnum losunarheimildum renna í ríkissjóð. Ráðherra skal setja reglugerð um hve margar losunarheimildir verða boðnar upp af íslenska ríkinu og um tilhögun uppboða. Í reglugerðinni skulu m.a. koma fram reglur um tíðni uppboða, skilyrði þess að mega leggja fram tilboð og lágmarksfjölda losunarheimilda sem boðið skal í hverju sinni.

■ 20. gr. Starfsstöðvar með árlega losun undir 25.000 tonn-um af koldíoxíðsgildum.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að undanskilja starfsstöðvar gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir ef losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsstöð er undir 25.000 tonn-um af koldíoxíðsgildum, og í þeim tilvikum þegar brennsla er hluti af starfsemi er einnig skilyrði að uppsett nafnvarmafl hafi verið undir 35 MW, að undanskilinni losun frá

lífmassa, á hverju ári í þau þrjú ár sem eru næst á undan þeim degi þegar umsókn um undanþágu berst Umhverfisstofnun.

□ Starfsstöð sem undanþegin er gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir skv. 1. mgr. skal greiða losunargjald í samræmi við losun gróðurhúsalofttegunda frá viðkomandi starfsstöð á undangengnu almanaksári. Frá þeirri losun skal þó draga þann fjölda tonna sem samsvarar fjölda losunarheimilda sem starfsstöðin hefði fengið úthlutað endurgjaldslaust í viðskiptakerfinu.

□ Gjald fyrir hvert tonn losunar skal jafngilda meðalverði losunarheimilda á Evrópska efnahagssvæðinu eins og það er á árstímabili sem lýkur 31. júlí árið áður en hin gjaldskylda losun á sér stað og skal það ákvæðið með lögum þessum, sbr. 4. mgr. Losunargjald rennur í ríkissjóð.

□ Fjárhæð losunargjalds skv. 2. mgr. vegna gjaldskyldrar losunar sem á sér stað árið 2024 skal vera 12.312 kr. fyrir hvert tonn.

□ Innheimtumaður ríkissjóðs í umdæmi starfsstöðvar skal fyrir 1. júlí ár hvert leggja á og innheimta losunargjald af starfsstöð sem undanþegin er gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir skv. 1. mgr. í samræmi við skýrslu Umhverfisstofnunar um magn gjaldskyldrar losunar. Skýrsla Umhverfisstofnunar um magn gjaldskyldrar losunar skal afhent viðkomandi innheimtumanni fyrir 31. maí ár hvert vegna almanaksársins á undan. Að því leyti sem ekki er í lögum þessum kveðið á um álag og kærur hvað varðar álagningu og innheimtu losunargjalds skulu ákvæði laga um virðisaukaskatt gilda eftir því sem við á.

□ Rekstraraðili starfsstöðvar sem hefur verið undanskilin gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir skal fyrir 31. mars ár hvert skila skýrslu til Umhverfisstofnunar þar sem sýnt er fram á að skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt á undangengnu almanaksári. Ef skýrslan leiðir í ljós að svo er ekki skal litið svo á að starfsstöð falli undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir frá þeim degi er Umhverfisstofnun staðfestir skýrsluna. Rekstraraðili viðkomandi starfsstöðvar skal þá eiga rétt á úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda skv. 10. gr. frá því ári sem hann fellur undir gildissvið viðskiptakerfisins eins og ef hann hefði ekki verið undanskilinn gildissviði þess. Starfsstöð sem þetta á við um skal heyra undir gildissvið viðskiptakerfisins það sem eftir lifir yfirstandandi viðskiptatímabils.

□ Ráðherra skal setja í reglugerð nánari útfærslu á ákvæðum þessarar greinar, m.a. um tímafresti fyrir skil á undanþágubeiðnum, vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda, form og efni skýrslna skv. 6. mgr. og málsmeðferð í tengslum við staðfestingu skýrslna. Heimilt er að gera kröfu um að skýrslur séu vottaðar af óháðum vottunaraðila og að reglugerð skv. 4. mgr. 11. gr. gildi eftir því sem við á.

■ 21. gr. Viðskipti með losunarheimildir.

□ Viðskipti með losunarheimildir eru frjáls eftir að þeim hefur verið úthlutað eða þær boðnar upp. Ekki er heimilt að framselja rétt til úthlutunar samkvæmt lögum þessum nema við aðilaskipti að fyrirtækjum. Við slík aðilaskipti skulu ekki rofin tengsl milli viðkomandi starfsemi og réttarins til úthlutunar sem á henni byggist.

■ 22. gr. Nýsköpunarsjóður.

□ Ráðherra skal setja reglugerð um starfsemi nýsköpunarsjóðs sem starfræktur er á Evrópska efnahagssvæðinu að því leyti sem nauðsynlegt er vegna skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

■ 23. gr. Kerfi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um losun frá alþjóðaflugi.

□ Ráðherra setur reglugerð¹⁾ um kerfi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um kolefnisjöfnun og kolefnissamdrátt í losun frá alþjóðaflugi, m.a. um gildissvið, umsjónarríki flugrekstraraðila, vöktun, skýrslugjöf, vottun og faggildingu vottunaraðila og framsalsheimild losunargagna, auk jöfnunarskyldu flugrekenda og hvaða einingar er heimilt að nota til að uppfylla skyldur samkvæmt kerfi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

¹⁾ Rg. 606/2021, sbr. 388/2024.

VII. kafli. Aðgengi að upplýsingum og þagnarskylda.

■ 24. gr. Upplýsingar aðgengilegar almenningi.

□ Umhverfisstofnun skal birta opinberlega ákvarðanir um úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda.

□ Um aðgang að öðrum upplýsingum sem varða úthlutun stjórnvalda á losunarheimildum samkvæmt lögum þessum, þar á meðal skýrslum um losun gróðurhúsalofttegunda sem aðilar sem heyra undir gildissvið laga þessara hafa sent Umhverfisstofnun, fer eftir upplýsingalögum.

■ 25. gr. Þagnarskylda.

□ Um þagnarskyldu starfsfólks Umhverfisstofnunar og annarra stjórnvalda og stofnana sem sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt ákvæðum X. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

□ Flugrekendur, skipafélög og rekstraraðilar geta óskað eftir því að litið verði á tilteknar upplýsingar í gögnum sem þeir senda til Umhverfisstofnunar, þar á meðal skýrslum skv. 11. gr., sem trúnaðarupplýsingar. Ef ósk berst um afhendingu slíkra upplýsinga skv. 2. mgr. 24. gr. er Umhverfisstofnun óheimilt að afhenda þær nema flugrekenda, skipafélagi eða rekstraraðila hafi verið veittur a.m.k. sjö daga frestur til að tjá sig um framkomna beiðni.

□ Undir trúnaðarupplýsingar skv. 1. mgr. heyra m.a. upplýsingar um eignarhald reikninga, stöðu losunarheimilda og millifærslur í skráningarkerfi, sbr. V. kafla. Ráðherra getur þó í reglugerð skv. 18. gr. heimilað afhendingu slíkra upplýsinga til innlendra og erlendra stjórnvalda og stofnana sem fara með eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk í tengslum við skráningarkerfið, þó eingöngu að því marki sem þessum aðilum er nauðsynlegt til að rækja hlutverk sitt. Við afhendingu upplýsinga skal tryggt að upplýsingar berist ekki óviðkomandi aðilum.

VIII. kafli. Gjaldtaka.

■ 26. gr. Gjaldtaka.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að taka gjald fyrir eftirfarandi verkefni sem stofnunin innir af hendi:

1. Útgáfu losunarleyfa, þar á meðal breytingar á losunarleyfum, sbr. 9. gr.

2. Yfirferð og umsýslu skýrslna um breytingar á starfsemi stigi rekstraraðila, sbr. 6. mgr. 10. gr.

3. Yfirferð og umsýslu vegna skýrslna rekstraraðila um losun gróðurhúsalofttegunda, sbr. 11. gr.

4. Samþykkt verulegra breytinga á vöktunaráætlunum, sbr. 11. gr.

5. Yfirferð og umsýslu vegna skýrslna flugrekenda um losun gróðurhúsalofttegunda, sbr. 1. mgr. 11. gr.

6. Yfirferð og umsýslu vegna skýrslna skipafélaga um losun gróðurhúsalofttegunda skv. 1. mgr. 11. gr.

7. Áætlun á losun staðbundinnar starfsemi og flugstarfsemi og starfsemi sjóflutninga, sbr. 2. mgr. 11. gr.

8. Samþykkt vöktunaráætlana vegna losunar frá flugstarfsemi, sbr. 11. gr.

9. Samþykkt vöktunaráætlana vegna losunar frá starfsemi sjóflutninga, sbr. 11. gr.

10. Yfirferð og umsýsla vegna skýrslna rekstraraðila, flugrekenda og skipafélaga um úrbætur, sbr. 11. gr.

11. Afgreiðslu umsókna um gagnkvæma viðurkenningu faggildingar, sbr. 11. gr.

12. Stofnun og viðhald reikninga í skráningarkerfi, sem og umsýsla vegna skráningar vottunaraðila, sbr. 13. gr. Heimilt er að innheimta árgjald sem tekur mið af meðaltalskostnaði við rekstur reiknings í skráningarkerfinu.

13. Afgreiðslu umsókna rekstraraðila um að starfsstöð verði undanþegin gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir, sbr. 1. mgr. 20. gr.

14. Yfirferð skýrslna um að skilyrði fyrir því að undan-skilja starfsstöð gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir séu fyrir hendi, sbr. 6. mgr. 20. gr.

15. Afgreiðslu umsókna flugrekenda um losunarheimildir vegna kaupa á sjálfbæru flugvélaeldsneyti.

16. Önnur verkefni sem mælt er fyrir um í lögum þessum og reglugerðum settum með stoð í þeim.

□ Ráðherra skal setja, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir þau gjöld sem flugrekendur, skipafélög, rekstraraðilar, vottunaraðilar og aðrir aðilar skulu greiða skv. 1. mgr. Upphæð gjalda samkvæmt þessari grein skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggjast á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalda byggist á. Gjöldin mega ekki vera hærri en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld þessi má innheimta með fjárnámi.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að fela öðrum aðilum, opinberum eða einkaaðilum, innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein.

IX. kafli. Stjórnsýslukæru.

■ 27. gr. Stjórnsýslukæru.

□ Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir Umhverfisstofnunar skv. 9. gr. til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt þeim lögum sem um úrskurðarnefndina gilda.

□ Heimilt er að kæra til ráðherra aðrar stjórnvaldsákvæðanir Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum þessum, sbr. 4. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr. og 5. mgr. 15. gr., og reglugerðum settum með stoð í þeim.

□ Að því leyti sem annað er ekki sérstaklega tilgreint í lögum þessum fer um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er kærur varðar samkvæmt stjórnsýslulögum.

X. kafli. Þvingunarúrræði og viðurlög.

■ 28. gr. Dagsektir.

□ Umhverfisstofnun getur lagt dagsektir, allt að 500.000 kr., á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 1. mgr. 9. gr. um skyldu rekstraraðila til að hafa losunarleyfi.

2. 6. mgr. 20. gr. um skyldu rekstraraðila til að senda skýrslu til Umhverfisstofnunar um að skilyrði 1. mgr. sömu greinar séu uppfyllt.

3. 1. mgr. 11. gr. um skyldu flugrekenda, skipafélaga og rekstraraðila til að senda Umhverfisstofnun vöktunaráætlun vegna losunar.

4. 1. mgr. 11. gr. um skyldu rekstraraðila, flugrekenda og skipafélaga til að gera breytingar á vöktunaráætlun.

5. 1. mgr. 11. gr. um skyldu rekstraraðila, flugrekenda og skipafélaga til að senda fullnægjandi og vottaða skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda til Umhverfisstofnunar.

6. 2. mgr. 11. gr. um skyldu rekstraraðila, flugrekenda og skipafélaga til að afhenda Umhverfisstofnun upplýsingar.

7. 1. mgr. 14. gr. um skyldu rekstraraðila, flugrekenda og skipafélaga til að eiga reikning í skráningarkerfi.

□ Umhverfisstofnun skal því aðeins leggja á dagsektir skv. 1. mgr. að aðila hafi verið send áskorun um að bæta úr vanefndum og veittur hæfilegur frestur til að uppfylla skyldur sínar.

□ Ráðherra getur í reglugerð breytt upphæð dagsekta í samræmi við verðlagsþróun. Við ákvörðun sektar skal höfð hliðsjón af alvarleika brotsins, hvað það hefur staðið lengi yfir og hvort um ítrekað brot er að ræða. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna fyrirtækisins og hvort hægt hefði verið að koma í veg fyrir það með stjórnun og eftirliti. Loks ber að líta til þess hver fjárhagslegur styrkur lögaðila er.

□ Ákvarðanir Umhverfisstofnunar um dagsektir eru aðfararhæfar. Sé sekt samkvæmt þessari grein ekki greidd innan mánaðar frá ákvörðun Umhverfisstofnunar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Önnheimtar dagsektir, sem lagðar eru á fram að efnadegi, falla ekki niður þótt aðili efni síðar viðkomandi kröfu nema Umhverfisstofnun ákveði það sérstaklega. Sektir samkvæmt þessari grein renna í rfkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu.

□ Ákvörðunum Umhverfisstofnunar um dagsektir samkvæmt þessari grein má skjóta til ráðherra innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot til ráðherra frestar aðför. Úrskurðir ráðherra um dagsektir eru aðfararhæfir.

■ 29. gr. Frysting reikninga í skráningarkerfi.

□ Ef flugrekandi, skipafélag eða rekstraraðili hefur ekki skilað skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda skv. 1. mgr. 11. gr. fyrir tilskilinn frest eða ef skýrslan er ófullnægjandi eða hefur ekki verið vottuð er Umhverfisstofnun heimilt að koma í veg fyrir hvers konar hreyfingar losunarheimilda á reikningi viðkomandi flugrekenda, rekstraraðila eða skipafélags í skráningarkerfi skv. V. kafla þar til fullnægjandi skýrslu hefur verið skilað.

■ 30. gr. Stjórnvaldssektir.

□ Vanræksla rekstraraðila, flugrekenda eða skipafélags á að standa skil á nægjanlegum fjölda losunarheimilda fyrir tilskilinn frest vegna undangengins árs, sbr. 12. gr., varðar stjórnvaldssekt sem Umhverfisstofnun leggur á. Fjárhæð stjórnvaldssektar skal samsvara 100 evrum í íslenskum krónum vegna hvers losunarheimildar sem upp á vantar. Miðað skal við viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á þeim degi þegar standa átti skil á losunarheimildum sem sektin tekur til.

□ Greiðsla sektar skv. 1. mgr. hefur ekki áhrif á skyldu flugrekenda, skipafélags eða rekstraraðila til að standa skil á þeim fjölda losunarheimilda sem upp á vantar.

□ Vanræksla rekstraraðila starfsstöðvar skv. 2. mgr. 20. gr. á greiðslu losunargjalds vegna undangengins árs varðar stjórnvaldssekt sem Umhverfisstofnun leggur á. Fjárhæð stjórnvaldssektar skal samsvara 100 evrum í íslenskum krónum

vegna hvers tonns koldíoxíðsígilda sem ekki var greitt losunargjald fyrir. Miðað skal við viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á eindaga losunargjalds.

□ Greiðsla sektar skv. 3. mgr. hefur ekki áhrif á skyldu rekstraraðila starfsstöðvar skv. 2. mgr. 20. gr. til greiðslu ógreidds losunargjalds.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á:

a. flugrekanda sem brýtur gegn 7. gr. um skyldu til að tilkynna Umhverfisstofnun ef hann hyggst leggja niður starfsemi, tímabundið eða varanlega,

b. rekstraraðila sem brýtur gegn 3. mgr. 9. gr. um skyldu til að tilkynna Umhverfisstofnun um fyrirhugaðar breytingar á rekstri, hvort sem þær eru tímabundnar eða varanlegar,

c. flugrekanda, skipafélag eða rekstraraðila sem brýtur gegn 1. mgr. 11. gr. um skyldu til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi sinni.

□ Sektir samkvæmt þessari grein má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra einstaklinga sem starfa í þágu hans.

□ Stjórnvaldssektir skv. 5. mgr. geta numið frá 100 þús. kr. til 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal höfð hliðsjón af alvarleika brotsins, hvað það hefur staðið lengi yfir og hvort um ítrekað brot er að ræða. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna fyrirtækisins og hvort hægt hefði verið að koma í veg fyrir það með stjórnun og eftirliti. Loks ber að líta til þess hver fjárhagslegur styrkur lögaðila er.

□ Ráðherra getur í reglugerð breytt upphæð stjórnvaldssektar í samræmi við verklaugsþróun. Ákvarðanir Umhverfisstofnunar um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Sé sekt samkvæmt þessari grein ekki greidd innan mánaðar frá ákvörðun Umhverfisstofnunar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Sektir samkvæmt þessari grein renna í ríkissjóð að frádrögnum kostnaði við innheimtu.

□ Heimild Umhverfisstofnunar til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

□ Ákvörðun Umhverfisstofnunar um stjórnvaldssektir samkvæmt þessari grein má skjóta til ráðherra innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot til ráðherra frestar aðför. Úrskurðir ráðherra um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfir.

■ 31. gr. *Opinber birting nafna.*

□ Umhverfisstofnun skal birta opinberlega nöfn flugrekenda, skipafélaga og rekstraraðila sem ekki hafa staðið skil á nægjanlegum fjölda losunarheimilda fyrir tilskilinn frest hvert ár vegna undangengins árs, sbr. 12. gr., og hafa sætt stjórnvaldssektum skv. 1. mgr. 30. gr.

■ 32. gr. *Viðurlög.*

□ Ef rekstraraðili stundar starfsemi sem getið er í I. viðauka án losunarleyfis skv. 9. gr. eða vanefnir skyldur sínar um skil á losunarheimildum skv. 12. gr. og hefur ekki brugðist við áskorun um að bæta úr vanefndum er Umhverfisstofnun heimilt að stöðva starfsemi rekstraraðilans uns bætt hefur verið úr vanefndum.

□ Ef flugrekandi vanefnir skyldur sínar um skil á losunarheimildum skv. 12. gr. eða um greiðslu þjónustugjalda skv. 26. gr. og hefur ekki brugðist við áskorun um að bæta úr vanefndum er Umhverfisstofnun heimilt að óska eftir því við

rekstraraðila flugvallar að hann aftri för loftfars uns bætt hefur verið úr vanefndum eða fullnægjandi trygging hefur verið sett fyrir efndum. Rekstraraðili flugvallar skal verða við beiðni Umhverfisstofnunar um að aftra för loftfars uns lög-mælt gjöld vegna losunar gróðurhúsalofttegunda hafa verið greidd eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra. Rekstraraðili flugvallar skal fylgja ákvæðum laga um loftferðir í kjölfar beiðni frá Umhverfisstofnun um að aftra för loftfars.

□ Ef um skipafélag er að ræða, sem hefur ekki uppfyllt skyldur sínar um skil losunarheimilda í tvö eða fleiri samfelld skýrslutímabil og ef aðrar ráðstafanir til framfylgdar hafa ekki leitt af sér að farið sé að þeim, getur Umhverfisstofnun, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi skipafélagi tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar, gefið út skipun um brottvísun sem skal tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA, Siglingaöryggisstofnun Evrópu, öðrum EES-ríkjum og hlutaðeigandi fánaríki. Berist Umhverfisstofnun tilkynning frá öðru EES-ríki vegna erlendra skipa skal stofnunin taka ákvörðun um aðgangsbann skipa á ábyrgð viðkomandi skipafélags þar til skipafélagið uppfyllir skyldur sínar skv. 12. gr. um að standa skil á losunarheimildum. Ef skipið siglir undir fána annars EES-ríkis og kemur til eða er statt í höfn hér á landi skal Umhverfisstofnun, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi skipafélagi tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar, leggja farbann á skipið þar til skipafélagið uppfyllir skuldbindingar sínar.

□ Ef skip skipafélags skv. 3. mgr. er statt í íslenskri höfn getur Umhverfisstofnun, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi skipafélagi tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar, lagt farbann á skipið þar til skipafélagið uppfyllir skuldbindingar sínar um uppgjör losunarheimilda. Umhverfisstofnun skal upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA, Siglingaöryggisstofnun Evrópu og önnur EES-ríki um slíka ráðstöfun. Þegar farbann hefur verið lagt á skulu önnur EES-ríki gera sömu ráðstafanir og er krafist að séu gerðar þegar skipun um brottvísun er gefin út í samræmi við 2. másl. 3. mgr.

□ Ákvarðanir Umhverfisstofnunar skv. 3. og 4. mgr. skulu tilkynntar til vaktstöðvar siglinga og Landhelgisgæslu Íslands. Ákvæði 3. og 4. mgr. gilda með fyrirvara um alþjóðleg siglingalög sem gilda þegar skip er nauðstatt.

□ Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum að veita Umhverfisstofnun rangar eða villandi upplýsingar eða leyndu upplýsingum sem máli skipta í tengslum við upplýsingagjöf skv. 11. gr. og 14. gr. Sé um stórfelld eða ítrekuð brot að ræða skulu þau varða fangelsi allt að tveimur árum.

□ Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra einstaklinga sem starfa í þágu hans, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem starfa í þágu hans gerast sekir um brot eða ef það stafar af ófullnægjandi tækjabúnaði eða verkstjórn.

□ Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

XI. kafli. *Gildistaka o.fl.*

■ 33. gr. *Innleiðing EES-gerða.*

□ Lög þessi eru sett til innleiðingar á eftirfarandi EES-gerðum:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með

heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 frá 26. október 2007.

2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB frá 27. október 2004 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan bandalagsins að því er varðar verkefniskerfi Kyoto-bókunarinnar eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 frá 26. október 2007.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan bandalagsins taki til flugstarfsemi eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2011 frá 1. apríl 2011.

4. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og vikka út kerfi bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012.

5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1193/2011 frá 18. nóvember 2011 um stofnun skrár Sambandsins yfir viðskiptatímabilið sem hefst 1. janúar 2013 og síðari viðskiptatímabil í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 og (ESB) nr. 920/2010.

6. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr. 1013/2006 eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2012 frá 15. júní 2012.

7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB frá 23. apríl 2009 um að stuðla að notkun á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2013 frá 8. október 2013.

8. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2016 frá 28. október 2016.

9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814 eins og tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2020 frá 14. júlí 2020 og ákvörðunin tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2020 frá 11. desember 2020.

10. Framseldri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB)

2020/1071 frá 18. maí 2020 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar að útiloka flug sem kemur frá Sviss frá viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir eins og ákvörðunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2021 frá 9. júlí 2021.

11. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1416 frá 17. júní 2021 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar að útiloka flug sem kemur frá Bretlandi frá viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2022 frá 4. febrúar 2022.

12. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/957 frá 10. maí 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/757 til að gera það kleift að fella sjóflutningastarfsemi inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og varðandi vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun fleiri gróðurhúsalofttegunda og losun frá fleiri tegundum skipa eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 335/2023 frá 8. desember 2023.

13. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/958 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB að því er varðar framlag flugstarfsemi til markmiðs Sambandsins um samdrátt á losun sem hefur áhrif á allt hagkerfið og viðeigandi framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023 frá 8. desember 2023.

14. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og ákvörðun (ESB) 2015/1814 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarsjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 335/2023 frá 8. desember 2023.

□ Með lögum þessum er ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023 frá 8. desember 2023 og nr. 335/2023 frá 8. desember 2023.

■ **34. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **35. gr. Breyting á öðrum lögum. . . .**

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.**

□ Líta skal svo á að kröfur skv. 11. og 12. gr. séu uppfylltar og ekki skal gripið til aðgerða gegn flugrekendum skv. X. kafla að því er varðar:

a. alla losun frá flugi til og frá flugvöllum sem staðsettir eru í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, að undanskildu flugi til flugvalla í Sviss eða á Bretlandi á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2026,

b. alla losun frá flugi milli flugvallar sem staðsettur er á ysta svæði aðildarríkis og flugvallar sem staðsettur er í sama aðildarríki, þ.m.t. er annar flugvöllur sem er staðsettur á sama ysta svæði eða á öðru ysta svæði í sama aðildarríki til 31. desember 2030.

□ Flugrekendur geta ekki sótt um endurgjaldslausar losunarheimildir vegna flugs sem fellur undir a- og b-lið 1. mgr.

■ **II.**

□ Umhverfisstofnun úthlutar endurgjaldslausum losunarheimildum á reikning viðkomandi flugrekanda í skráningarferfinu fyrir 30. júní ár hvert til ársloka 2026.

□ Flugrekendur geta sótt um viðbótarúthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda til Umhverfisstofnunar árin 2025 og 2026.

□ Umhverfisstofnun skal í samræmi við umsóknir flugrekenda úthluta endurgjaldslausum losunarheimildum á grundvelli meginreglu um jafna meðferð samkvæmt EES-samningnum, þar á meðal jafna meðferð flugfélaga á sömu flugleiðum, að því er varðar flug frá flugvöllum á Íslandi til flugvalla á Evrópska efnahagssvæðinu, í Sviss eða á Bretlandi og flug frá flugvöllum á Evrópska efnahagssvæðinu til flugvalla á Íslandi.

□ Úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda til flugrekenda er háð skilyrði um skil flugrekenda á kolefnishlutleysisáætlun í samræmi við reglugerð ESB um efnisinnihald og uppsetningu kolefnishlutleysisáætlunar sem þörf er á vegna úthlutunar endurgjaldslausra losunarheimilda til Umhverfisstofnunar. Kolefnishlutleysisáætlun skal vera staðfest af fagiltum vottunaraðila, sbr. 11. gr., og birt opinberlega.

□ Leiði árleg skoðun faggilts vottunaraðila í ljós að flugrekandi hafi ekki fylgt ráðstöfunum til að uppfylla markmið í kolefnishlutleysisáætlun skal Umhverfisstofnun gera kröfu um að flugrekandi skili aftur þeim losunarheimildum sem var úthlutað til viðkomandi flugrekanda.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að taka gjald fyrir afgreiðslu umsókna flugrekenda um endurgjaldslausar losunarheimildir og yfirferð skýrslu um kolefnishlutleysi samkvæmt ákvæði þessu.

□ Ráðherra setur reglugerð um úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda til flugrekenda.

■ III.

□ Flugrekendum undir umsjón íslenskra stjórnvalda er heimilt frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2030 að sækja árlega um úthlutun losunarheimilda til Umhverfisstofnunar sem grundvallast á magni sjálfbærs flugvélaeldsneytis sem uppfyllir skilyrði samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur og hefur verið notað í flugferðum sem standa þarf skil á losunarheimildum vegna, sbr. 1. mgr. 12. gr.

□ Ráðherra setur reglugerð um tegundir sjálfbærs flugvélaeldsneytis sem uppfylla skilyrði, hvernig reikna skal mismun á kostnaði sjálfbærs flugvélaeldsneytis og jarðefnaeldsneytis, hlutfall endurgreiðslu eftir tegund sjálfbærs flugvélaeldsneytis og hvar það er keypt, um úthlutun losunarheimilda vegna notkunar á sjálfbæru flugvélaeldsneyti auk útreiknings á samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar á sjálfbæru flugvélaeldsneyti.

■ IV.

□ Þrátt fyrir 1. mgr. 11. gr. skulu skipafélög senda Umhverfisstofnun eigi síðar en 1. apríl 2024 fyrir hvert skip þeirra sem fellur undir gildissvið laga þessara vöktunaráætlun sem vottunaraðili hefur metið að sé í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/757 og sem endurspeglar að losun metans og díkõfnunarefnisoxíðs mun falla undir gildissvið laganna frá 1. janúar 2026.

■ V.

□ Skylda skipafélaga til að standa skil á losunarheimildum skv. 2. mgr. 12. gr. verður innleidd í áföngum. Árið 2025 skulu skipafélög standa skil á losunarheimildum fyrir 40% losunar á árinu 2024, sbr. I. viðauka. Árið 2026 skulu skipafélög standa skil á losunarheimildum fyrir 70% losunar á ár-

inu 2025, sbr. I. viðauka. Árið 2027 skulu skipafélög standa skil á losunarheimildum fyrir 100% losunar á árinu 2026, sbr. I. viðauka.

■ VI.

□ Eftirlitsskyldir aðilar, þ.e. einstaklingur, einstaklingar eða lögaðili, að undanskildum lokaneytanda eldsneytis sem stundar starfsemi sem getið er í 2. mgr. og er ábyrgur fyrir greiðslu vörugjalda af eldsneyti, skulu vakta losun koldíoxíðs á árinu 2024 og skila um hana skýrslu til Umhverfisstofnunar eigi síðar en 30. apríl 2025.

□ Vegna afhendingar á eldsneyti sem er notað til brennslu í starfsemi sem fellur undir flokka bygginga, flutninga á vegum og smærri iðnaðar í samræmi við skiptingu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, IPCC, felur starfsemin ekki í sér:

a. afhendingu eldsneytis til notkunar í starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka, nema til notkunar til brennslu í tengslum við flutninga gróðurhúsalofttegunda til geymslu í jörðu, sbr. 27. línu töflunnar í viðaukanum, eða til notkunar til brennslu í stöðvum sem eru undanskildar skv. 20. gr.,

b. afhendingu eldsneytis til notkunar, sem hefur losunarstuðulinn núll,

c. afhendingu hættulegs úrgangs eða heimilis- og rekstrarúrgangs til notkunar, sem er notaður sem eldsneyti.

□ Flokkar bygginga og flutninga á vegum skulu svara til eftirfarandi upptaka losunar, sem eru skilgreind í leiðbeiningum milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar um landsbókhald yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006, með nauðsynlegum aðlögunum á þessum skilgreiningum sem hér segir:

a. samþætt varma- og raforkuvinnsla, flokkur nr. 1A1a ii, og varmaorkuver, flokkur nr. A1a iii, að því marki sem þau framleiða varma fyrir flokkana í c- og d-lið þessarar málsgreinar, annaðhvort beint eða gegnum fjarhitunarkerfi,

b. flutningar á vegum, flokkur nr. 1A3b, að undanskilinni notkun á landbúnaðarökutækjum á vegum með bundnu slitlagi,

c. verslun/stofnanir, flokkur nr. 1A4a,

d. íbúðarhúsnæði, flokkur nr. 1A4b.

□ Aðrir gearar skulu svara til eftirfarandi upptaka losunar sem eru skilgreind í leiðbeiningum milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar, IPCC, um landsbókhald yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006:

a. orkuiðnaður, flokkur nr. 1A1, að undanskildum flokkunum sem eru skilgreindir í a-lið 2. mgr. þessa ákvæðis,

b. framleiðsluiðnaður og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, flokkur nr. 1A2.

■ VII.

□ Ráðherra skal fyrir árslok árána 2024 og 2025 gefa Alþingi skýrslu um efnahagsleg áhrif viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir á Ísland. Þar skulu koma fram upplýsingar um viðræður við Evrópusambandið vegna aðlögunar gagnvart öllum breytingum á regluverki ESB með losunarheimildir og með hvaða hætti best verður tekið tillit til sérstöðu Íslands m.a. vegna landfræðilegrar legu auk annarra þátta sem kunna að varða hagsmuni Íslands þegar aðlögun í flugi samkvæmt ákvæðum laganna lýkur.

I. viðauki.

Starfsemi sem fellur undir gildissvið laga þessara.

1. Stöðvar eða hlutar þeirra, sem eru notaðir fyrir rannsóknir, þróun og prófun á nýjum vörum og aðferðum, falla

ekki undir lög þessi. Stöðvar þar sem, á næstliðnu viðkomandi fimm ára tímabili sem um getur í reglugerð um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, losun frá brennslu á lífmassa, sem uppfyllir viðmiðanir sem eru settar fram skv. 11. gr., stuðlar að meðaltali að meira en 95% af samanlögðu meðaltali losunar á gróðurhúsalofttegundum falla ekki undir lög þessi.

2. Markgildin hér að framan eiga almennt við um framleiðslugetu eða -afköst. Ef margar tegundir starfsemi sem falla undir sama flokk eru reknar í sömu stöðinni er afkastageta þeirra lögð saman.

3. Þegar heildarnafnvarmaafi starfsstöðvar er reiknað út til þess að ákveða hvort hún verði tekin með í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skal leggja saman nafnvarmaafi allra tæknieininga, sem eru hluti af því, í stöðinni þar sem eldsneyti er brennt. Þessar einingar geta tekið til allra tegunda katla, brennara, hverfla, hitara, bræðsluofna, brennsluofna, glæðingarofna, hitunarofna, þurrkofna, hreyfla, efnarafala, tengibrunaeyninga, afgangloga og eftirbrennara eða hvarfakúta. Einingar sem hafa nafnvarmaafi undir 3 MW teljast ekki með við þessa útreikninga.

4. Ef eining er notuð við tiltekna starfsemi og viðmiðunarmörkin fyrir eininguna eru ekki gefin upp sem heildarnafnvarmaafi skulu mörkin fyrir þessa starfsemi vega þyngra þegar ákvörðun er tekin um upptöku í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda.

5. Ef í ljós kemur að farið hefur verið yfir markgildin fyrir einhverja tegund starfsemi í þessum viðauka í tiltekinni stöð skulu allar einingar sem brenna eldsneyti, aðrar en einingar sem brenna hættulegum úrgangi eða sorpi, koma fram í leyfinu fyrir losun gróðurhúsalofttegunda.

Starfsemi

Brennsla eldsneytis í stöðvum með heildarnafnvarmaafi sem er yfir 20 MW (að undanskildum stöðvum til brennslu á hættulegum úrgangi eða sorpi).

Frá 1. janúar 2024, brennsla eldsneytis í stöðvum, til brennslu á heimilis- og rekstrarúrgangi, með heildarnafnvarmaafi sem er yfir 20 MW, að því er varðar 12. gr.

Hreinsun á olíu þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafi sem er yfir 20 MW.

Framleiðsla á koxi.

Brennsla eða glæðing, einnig kögglun, málmgrýtis (þ.m.t. brennisteinsgrýtis).

Framleiðsla á járn eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa, þar sem afkastagetan er meiri en 2,5 tonn á klukkustund.

Framleiðsla eða vinnsla á járnríkum málmum (þ.m.t. járnblend) þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafi sem er yfir 20 MW. Vinnslan tekur m.a. til völsunarstöðva, ofna til endurhitunar, glæðingarofna, smiðja, málmsteypna og eininga til yfirborðsmeðhöndlunar og sýruböðunar.

Framleiðsla á hrááli eða áloxíði.

Gróðurhúsalofttegundir

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð og perflúorkolefni

Starfsemi

Framleiðsla á endurunnu áli þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafi sem er yfir 20 MW.

Framleiðsla eða vinnsla á járnlausum málmum, þ.m.t. framleiðsla á málmblöndum, hreinsun, steypumótun o.s.frv., þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafi (þ.m.t. eldsneyti sem er notað sem afoxunarefni) sem er yfir 20 MW.

Framleiðsla á sementsgjalli í hverfiofnum með afkastagetu sem er yfir 500 tonnum á dag eða í annars konar ofnum þar sem framleiðsluafköstin eru yfir 50 tonnum á dag.

Framleiðsla á kalki eða glæðing á dólómíti eða magnesíti í hverfiofnum eða annars konar ofnum sem hafa framleiðslugetu sem er yfir 50 tonnum á dag.

Framleiðsla glers, einnig glertrefja, þar sem bræðsluafköstin eru meiri en 20 tonn á dag.

Framleiðsla á leirvörum með brennslu, einkum þakflísam, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, þaksteinum og leirmunum eða postulíni, þar sem framleiðslugetan er yfir 75 tonnum á dag.

Framleiðsla á einangrunarefni úr steinull þar sem notað er gler, berg eða gjall og bræðsluafköstin eru yfir 20 tonnum á dag.

Þurrkun eða glæðing á gífsi eða framleiðsla á gífsplötum og öðrum gísvörum þar sem framleiðslugeta á brenndu gífsi eða þurrkuðu endurunnu gífsi fer samtals yfir 20 tonn á dag.

Framleiðsla á pappírsideigi úr timbri eða öðrum trefjaefnum.

Framleiðsla á pappír eða pappa þar sem framleiðslugetan er meiri en 20 tonn á dag.

Framleiðsla kinroks, sem felur í sér kolun á lífrænum efnum á borð við olíu, tjöru og sundrunar- og eimingarleif, þar sem framleiðslugetan er meiri en 50 tonn á dag.

Framleiðsla á saltþéturssýru.

Framleiðsla á adipínsýru.

Framleiðsla á glýoxali og glýoxýlsýru.

Framleiðsla á ammoníaki.

Framleiðsla á lífrænum íðefnum í lausu með sundrun, umbreytingu, oxun, að hluta eða til fulls, eða með svipuðum ferlum þar sem framleiðslugetan er meiri en 100 tonn á dag.

Framleiðsla á vetni (H₂) og tilbúnu gasi þar sem framleiðslugetan er meiri en 5 tonn á dag.

Framleiðsla á natríumkarbónati (Na₂CO₃) og natríumbíkarbónati (NaHCO₃).

Gróðurhúsalofttegundir

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð og díkõfnunarefnisoxíð

Koldíoxíð og díkõfnunarefnisoxíð

Koldíoxíð og díkõfnunarefnisoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Koldíoxíð

Starfsemi	Gróðurhúsa-lofttegundir	Starfsemi	Gróðurhúsa-lofttegundir
Föngun gróðurhúsalofttegunda frá stöðvum sem falla undir þennan viðauka í því skyni að flytja þær til geymslu í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.	Koldíoxíð	Eftirfarandi flug eru undanþegin gildissviði viðskiptakerfisins og laga þessara:	
Flutningur gróðurhúsalofttegunda til geymslu í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir að þeirri losun undanskilinni sem fellur undir aðra starfsemi samkvæmt lögum þessum.	Koldíoxíð	a. flugferðir sem eingöngu eru til flutninga í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamanna hans, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra landa, annarra en aðildarríkja, ef þær eru rökstuddar með viðeigandi stöðuvísi á flugáætluninni,	
Geymsla gróðurhúsalofttegunda í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.	Koldíoxíð	b. herflug herloftfara og toll- og lögregluflug,	
Flug.	Koldíoxíð	c. flug í tengslum við leit og björgun, flug í tengslum við slökkvistarf, flug í mannúðarskyni og sjúkraflug sem viðurkennt er af viðeigandi lögbæru yfirvaldi,	
Flugferðir sem fela í sér flugtak eða landingu á flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins.		d. flug sem er eingöngu samkvæmt sjónflugsglumum eins og þær eru skilgreindar í II. viðauka við Chicago-samninginn,	
Flug milli flugvalla, sem eru staðsettir í tveimur mismunandi ríkjum sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a tilskipunar 2003/87/EB, og flug milli Sviss eða Bretlands og ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a tilskipunar 2003/87/EB og, að því er varðar 6. og 8. mgr. 12. gr. og 28. gr. c, öll önnur flug milli flugvalla sem eru staðsettir í tveimur mismunandi þriðju löndum, á vegum umráðenda loftfara/flugrekenda sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:		e. flug sem endar á flugvellingum þar sem loftfarið hóf sig til flugs og þar sem engin landing á sér stað í millitíðinni,	
a. umráðendur loftfara/flugrekendur eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ysta svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, og		f. æfingaflug, eingöngu að því er varðar öflug vottorðs eða áritunar ef um flugáhafnir er að ræða, þar sem þetta er rökstutt með viðeigandi athugasemd í flugáætluninni, ef flugið er hvorki til farþega- eða farmflutninga né vegna staðsetningar eða flutnings á loftfarinu,	
b. árleg koldíoxíðlosun þeirra er meiri en 10.000 tonn vegna notkunar á flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5.700 kg, þeir annast flug sem falla undir þennan viðauka, önnur en þau sem fara frá og lenda í sama aðildarríkinu, þ.m.t. ystu svæði sama aðildarríkisins, frá og með 1. janúar 2021; að því er varðar þennan lið skal ekki taka tillit til losunar frá eftirfarandi tegundum flugs:		g. flug sem er eingöngu vegna vísindarannsóknna eða til að skoða, prófa eða votta loftför eða búnað, hvort sem er í lofti eða á jörðu niðri,	
i. ríkisflugi,		h. flug loftfara með staðfestan hámarksflugtaksmassa sem er minni en 5.700 kg,	
ii. flugi í mannúðarskyni,		i. flugferðir sem farnar eru innan ramma um skyldur um opinbera þjónustu, sem settar eru fram í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2408/92, eins og tilgreint er í 2. mgr. 299. gr. Rómarsáttmálans, eða á flugleiðum þar sem flutningsgetan sem í boði er er ekki meiri en 30.000 sæti á ári,	
iii. sjúkraflugi,		j. flug sem félli undir lögina ef ekki væri fyrir tilstilli þessa liðar og er á vegum flugrekanda í rekstri sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun á ári er minni en 10.000 tonn. Flugferðir sem um getur í lið eða eru eingöngu til flutninga í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamanna hans, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra aðildarríkis má ekki undanskilja að því er varðar þennan lið,	
iv. herflugi,			
v. flugi til slökkvistarfa,			
vi. flugi á undan eða eftir flugi í mannúðarskyni, sjúkraflugi eða flugi til slökkvistarfa, að því tilskildu að slík flug hafi verið framkvæmd með sama loftfarinu og verið nauðsynleg til að sinna tengdri starfsemi í mannúðarskyni, sjúkra- eða slökkvistarfi eða til að skipta um staðsetningu loftfarsins eftir þessa starfsemi fyrir næstu starfsemi þess.			

Starfsemi**Gróðurhúsa-
lofttegundir**

k. frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2030: Flugferðir sem mundu, ef ekki væri fyrir tilstilli þessa liðar, falla undir þessa starfsemi á vegum umráðenda loftfara, sem eru ekki með rekstur í atvinnuskyni, sem annast flugferðir þar sem heildarlosun á ári er minni en 1.000 tonn, þ.m.t. losun frá flugferðum sem um getur í l-lið,

l. flugferðir frá flugvöllum í Sviss til flugvalla á Evrópska efnahagssvæðinu,

m. flugferðir frá flugvöllum á Bretlandi til flugvalla á Evrópska efnahagssvæðinu.

Sjóflutningar.

Sjóflutningastarfsemi sem fellur undir reglugerð (ESB) 2015/757, að undanskilinni sjóflutningastarfsemi sem fellur undir 1. mgr. a í 2. gr. og, til 31. desember 2026, 1. mgr. b í 2. gr. þeirrar reglugerðar.

Koldíoxíð.

Frá 1. janúar 2026 metan og díköfnunar-efnisoxíð.